

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

27. júní 2025, Reykjavík
UOS2506195
07.07.00

Útgáfa bráðabirgðaheimildar – Stolt Sea Farm Iceland hf. Reykjanesi

Umhverfis- og orkustofnun vísar til erindis Stolt Sea Farm Iceland hf., dags. 13. júní 2025, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir landeldi á senegalflúru og gullinrafa, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun tók ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Stolt Sea Farm Iceland hf. þann 11. júní 2024 og gildir framlengingin þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út eða í síðasta lagi til 1. júlí 2025. Fram kemur í erindinu að sótt er um bráðabirgðaheimild til að hægt sé að halda áfram starfsemi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lögin, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn, engin breyting er á starfseminni og fellur hún því utan laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfis- og orkustofnun tekið ákvörðun um að veita Stolt Sea Farm Iceland hf., kt. 610911-0480, bráðabirgðaheimild fyrir starfseminni á starfsstöð fyrirtækisins að Vitabraut 7, 233 Reykjanesbæ. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en ár frá útgáfudegi bráðabirgðaheimildarinnar.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Stolt Sea Farm Iceland hf. ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
2. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
3. Heimilt er að framleiða allt að 2.000 tonn á ári af senegalflúru og gullinrafa.
4. Rekstraraðili skal áfram fylgja ákvæðum starfsleyfis sem upphaflega var gefið út 22. júní 2012 en breytt 23. júní 2021.

Umhverfis- og orkustofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfis- og orkustofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti áform um veitingu bráðabirgðaheimildar til Stolt Sea Farm Iceland hf., sbr. 5. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 19. júní til og með 25. júní 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar og nýjum vef Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við áformin á tímabilinu. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Skipulagsstofnunar, Hafrannsóknastofnunar, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Landsambands veiðifélaga sama dag og þau voru birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Ein athugasemd barst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

- Í athugasemdinni kom fram að heilbrigðiseftirlitinu þótti skorta gagnsæi í málinu og vísaði í 7. gr. a. í lögum nr. 7/1998 þar sem segir að í umsókn um bráðabirgðaheimild skuli tilgreina skýrt tilgang, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma heimildarinnar. Eins væru skilyrði um veitingu bráðabirgðaheimildar að brýn þörf þyrfti að vera til staðar til að hefja eða halda áfram starfsemi.
 - Umhverfis- og orkustofnun telur skilyrði brýnnar þarfar til að halda áfram starfsemi vera til staðar þar sem um er að ræða starfsemi sem er nú þegar í gangi og tjón rekstraraðila af því að þurfa skyndilega að hætta rekstri yrði mikið. Ekki er um að ræða breytingu á starfsemi en vegna málafjölda og stofnanabreytinga hefur komið í ljós að ekki næst að gefa út nýtt leyfi áður en framlenging starfsleyfisins rennur út. Í umsókn um bráðabirgðaheimild kom fram tilgangur, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma bráðabirgðaheimildarinnar og var umsóknin metin fullnægjandi af Umhverfis- og orkustofnun. Heimildin er bundin ofangreindum skilyrðum, m.a. um að rekstraraðili skuli áfram fylgja ákvæðum eldra starfsleyfis.

Umhverfis- og orkustofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en ár frá útgáfu bráðabirgðaheimildarinnar. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri